

X. Heilbrigðismál.

170

22. gr.

18. ágúst

Um hollustuhætti skóla og heilsuvernd barna fer eftir reglugerð, sem heilbrigðisstjórnin setur og öðrum þeim ráðstöfunum, sem skólastjóri og skólanefnd telja þörf á og koma sér saman um á hverjum tíma.

Reglugerð þessi staðfestist hér með, samkvæmt heimild í lögum um fræðslu barna, nr. 94 23. júní 1936, 19. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í kennslumálaráðuneytinu, 18. ágúst 1943.

Einar Arnórsson.

Ragnar Bjarkan.

AUGLÝSING

171

um skömmtun á benzíni.

20. ágúst

1. gr.

Samkvæmt reglugerð um sölu og afhendingu benzíns og takmörkun á akstri bifreiða, dags. 18. febrúar 1943, skal benzínskammtur til bifreiða vera sem hér segir á tímabilinu 1. september til 31. desember 1943:

A. Fólksbifreiðir:

1. Strætisvagnar í Reykjavík og Hafnarfirði	8200	lítrar
2. Almenningsbifreiðir, hálfkassabifreiðir og mjólkurflutninga-bifreiðir	4100	—
3. Leigubifreiðir þær, sem uppfylla ákveðin skilyrði	2500	—
4. Einkabifreiðir:		
a. Læknabifreiðir	800	—
b. Almenn stærð, 5—6 manna	400	—
c. Smábifreiðir, 15 hestafla og minni	300	—
d. Bifhjól	60	—

B. Vörubifreiðir:

1. Vörubifreiðir, 2 tonn og stærri	2900	—
2. — 1½ tonn	2100	—
3. — ¾ til 1¼ tonn	1400	—
4. Vörubifreiðir, smábifreiðir	700	—

2. gr.

Lögreglustjórar afhenda benzínskömmtunarhefti til annarra nota en bifreiða-aksturs, samkvæmt reglum, sem áður hafa verið settar.

3. gr.

Benzínskömmtunarmiðar frá fyrri skömmtunartímabilum falla úr gildi 1. september þ. á.

171

20. ágúst

Ráðuneytið leyfir fyrst um sinn, að í Reykjavík sé ein bifreiðastöð opin til mannlutninga að næturlagi. Þó leyfist að allar bifreiðastöðvar séu opnar á laugardögum til kl. 1 eftir miðnætti aðfaranótt sunnudags.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 20. ágúst 1943.

Vilhjálmur Þór.

Páll Pálmason.

172

23. ágúst

BYGGINGARSAMÞYKKT

fyrir Ísafjarðarkaupstað.

I. KAFLI

Verksvið samþykktar og stjórn byggingarmála.

1. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir alla verzlunarlóð Ísafjarðarkaupstaðar, þó getur ráðuneytið veitt undanþágu frá ákvæðum hennar, ef byggingarnefnd og bæjarstjórn mæla með því.

2. gr.

Samþykktin tekur til allra nýrra bygginga, sem ekki eru fullgerðar, þegar hún öðlast gildi. Þó verður ekki krafizt breytingar á því, sem þegar hefur verið gert. Enn fremur nær samþykktin til höfuðbreytinga á eldri byggingum, svo og til minni breytinga, ef við verður komið án verulegs kostnaðarauka eða röskunar.

Byggingarnefnd úrskurðar í hvert skipti, hverjar aðgerðir skulu teljast höfuðbreytingar.

3. gr.

Stjórn byggingarmála er í höndum bæjarstjórnar. Byggingarnefnd gerir tillögur til bæjarstjórnar um öll byggingarleyfi, og hefur umsjón með því að byggingarsamþykktinni sé fylgt.

Ef lóðarleigjanda, lóðareiganda eða húseiganda þykir rétti sínum hallað með úrskurði bæjarstjórnar eða byggingarnefndar, getur hann skotið honum til ráðuneytisins.

4. gr.

1. Byggingarnefnd sé skipuð 5 mönnum samkvæmt bæjarstjórnarlögunum. Nefndin velur sér ritara og heldur sérstaka gerðabók yfir athafnir sínar og ályktanir, og undirskrifa allir viðstaddir fundarmenn hana í fundarlök. Heimilt er hverjum nefndarmanni, sem ekki er samþykkur ályktun meiri hluta, að láta bóka ágreiningsatkvæði sitt.

Gerðabókinni skal fylgja glögg skrá eða registur, svo gert, að greiðlega megi finna allar ákvarðanir nefndarinnar, um hverja einstaka eign, er til hennar tekur. Einnig skal haldin lóðabók, dagbók yfir öll bréf og bréfabók.

Byggingarnefndarfundur er lögmatgur, ef minnst þrjú nefndarmenn sitja hann, auk bæjarstjóra.

2. Bæjarstjórn skal skipa byggingarfulltrúa, og setja honum erindisbréf með ráði byggingarnefndar. Ef ekki er völ á húsameistara eða verkfræðingi, skal hann vera vanur húsamiður, eða á annan hátt fengin víska fyrir því að hann sé starfinu vaxinn. Í erindisbréfinu má ákveða hæfileg gjöld fyrir þau störf, er hann leysir af hendi, sem byggingarfulltrúi í þarfir einstakra manna, eftir beiðni